

GJALDSKRÁ

vegna hundahalds í Þórshafnarhreppi árið 1995.

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund í Þórshafnarhreppi, sbr. staflið c, 2. gr. samþykktar nr. 265/1991 um hundahald í Þórshafnarhreppi skal vera kr. 6.500 á árinu 1995.

2. gr.

Handsömunargjald samkvæmt 3. gr. samþykktar nr. 265/1991 skal vera kr. 3.000 í fyrsta skipti, kr. 5.500 í annað skipti og kr. 8.500 í þriðja skipti.

3. gr.

Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur.

4. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af sveitarstjórn Þórshafnarhrepps staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að gilda árið 1995.

Umhverfissráðuneytið, 13. mars 1995.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Þórshafnarhreppi árið 1995.

1. gr.

Þórshafnarhreppi er heimilt að innheimta sérstakt sorphirðugjald vegna söfnunar og förgunar á neysluúrgangi frá heimilum í þéttbýli sem til fellur á árinu 1995.

2. gr.

Sorphirðugjald samkvæmt 1. gr. skal vera kr. 4.000 á hverja íbúð/heimili og skal það innheimt með fasteignagjöldum og eru gjalddagar þeir sömu.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af sveitarstjórn Þórshafnarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að gilda árið 1995.

Umhverfissráðuneytið, 13. mars 1995.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.